

Stofnanasamningur

Kvikmyndasafns Íslands og SFR – stéttarfélags í almannajónustu, skv. ákvæðum kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 9. mars 2005.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem starfa hjá Kvikmyndasafni Íslands.

2. Markmið samningsaðila

Launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun verði teknar með málefnalegum hætti. Ávallt verði tekið mið af og leitast við að samræma laun starfsmanna sem eru þó ekki félagar sama stéttarfélags, þegar um sambærileg störf er að ræða enda fylgir safnið þeirri jafnréttisstefnu að ávallt skal greiða sömu laun fyrir sömu vinnu (sbr. jafnréttisákvæði í stefnu Kvikmyndasafnsins).

2.1

Launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar.

2.2

Launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi.

3. Grunnröðun starfa

Launakerfið byggist á eftirfarandi röðun starfaflokka/starfa í launatöflu:

Starfaflokkur 1

Almennt starf unnið undir beinni stjórn annarra við afleysingar og aðstoð, svo sem afleysing við símsvörun og ýmis konar skráningu. Tímabundið starf fellur ekki undir aðra starfaflokka. Enginn skal taka laun lengur en 6 mánuði í þessum flokki.

Afleysingar/tímabundið starf – grunnröðun 006

Starfaflokkur 2

Almenn störf, sem að jafnaði eru unnin undir umsjón eða ábyrgð annarra, svo sem vinna nema.

Almennt starf - grunnröðun 008

Starfaflokkur 3

Störf sem geta falist í umsjón verkefna er krefjast töluverðrar þekkingar á ákveðnu sviði stofnunarinnar en eru unnin undir umsjón og á ábyrgð annarra. Starfsmaður tekur þátt í þeim verkefnum sem yfirmaður ákveður. Verkstjórn getur falist í starfinu.

Sérhæfður starfsmaður – grunnröðun 011

Fulltrúi á skrifstofu - grunnröðun 013

Starfaflokkur 4

Starfsmaður, sem hefur umsjón/verkstjórn með skilgreindum málaflokki og ber faglega ábyrgð á sinni vinnu. Verkefni krefjast sérhæfðar þekkingar og útheimta mikið frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Starfsmaður tekur þátt í stefnumótunarvinnu og vinnur starfs- og kostnaðaráætlun vegna síns málaflokks.

Sérfræðingur - grunnröðun 019

4. Starfsreynsla

Meta skal þá auknu starfsreynslu sem starfsmaður öðlast í starfi hjá Kvikmyndasafni Íslands með eftirfarandi hætti:

Eftir 1 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk

Eftir 2 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk til viðbótar

Eftir 3 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk til viðbótar

Eftir 6 ár í starfi skal starfsmaður hækka um 1 launaflokk til viðbótar

Starfsreynslu hjá stofnuninni skal meta og hækka laun þannig:

Heimilt er að meta starfsreynslu úr sambærilegum störfum af öðrum vettvangi.

4.1 Menntun

Forstöðumanni er heimilt að hækka starfsmann um launaflokk/launaflokka ef starfsmaður sækir fræðslunámskeið og/eða starfs- og símenntunarnámskeið sem nýtist í starfi, enda hafi starfsmaður fengið námskeiðið samþykkt matshæft hjá stofnuninni áður en námskeið hófst.

4.2 Starfstengdar forsendur

Starfsmaður, sem tekur að sér aukin verkefni, sem sinnt hefur verið af öðrum, á rétt á endurmati á röðun sinni. Þetta á fyrst og fremst við þegar um breytingar eða hagræðingu á skipan starfa er að ræða og starfslýsing breytist frá því sem hún var fyrir gerð þessa samnings. Stofnuninni ber að halda til haga, m.a. fyrir samstarfsnefnd, skriflegum rökum sem liggja að baki hækkun á launaflokkum skv. þessari grein.

5. Ákvæði um flutning úr núverandi launakerfi og endurmat til launa.

Við ákvörðun launa starfsmanns við flutning úr núverandi launakerfi í nýtt ber að miða við eftirfarandi:

Enginn má lækka í launum við flutning í nýtt launakerfi.

Viðbótarforsendur samkvæmt eldri stofnanasamningi falla brott og eru að nýju metnar samkvæmt þessum samningi.

Hafi starfsmaður fengið greidda yfirvinnu án vinnuskyldu samkvæmt eldri stofnanasamningi er heimilt, í samráði við starfsmanninn, að lækka yfirvinnu á móti hækkuðum grunnlaunum og launum samkvæmt viðbótarforsendum samnings þessa

6. Endurskoðun samkomulags

Heimilt er að endurskoða samning þennan eða einstaka liði hans ef annar aðili eða báðir óska þess, þó ekki síðar en fyrir 1. maí 2008. Að öðru leyti er vísað í ákvæði 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra.

7. Gildistími

Samningurinn gildir frá 1. maí 2007.

Reykjavík, 15. mars 2007.

F.h. Kvikmyndasafns Íslands

(sign.)

F.h. SFR-starfsmannafélags í
almannþjónustu

(sign.)